

Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Skv. sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í föstur til fösturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. gr. Skólahverfi

Í Reykjavík eru **386** grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg en borginni er skipt upp í 36 skólahverfi.

Skólahverfin má sjá eftir götum á heimasíðu skóla – og frístundasviðs Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/allir-grunnskolar> með því að velja borgarhluta og síðan grunnskóla. Einnig er hægt að sjá skólahverfin myndrænt með því að nota borgarvefsjá Reykjavíkurborgar: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> með því að velja *opna valghugga* – *Borgarskipting* og haka í *Grunnskólahverfi*.

2. gr. Umsókn í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Börn með lögheimili í Reykjavík ~~sem eru að byrja í 1. bekk grunnskóla eiga rétt á skólavist í eru skráð án umsóknar í~~ hverfisskóla við skólaskyldualdur. Foreldrar fara inn á *Mínar síður* á Island.is ~~þjónustuvef Reykjavíkur~~ og staðfesta skráningu í grunnskóla. Í skráningarferlinu geta foreldrar sótt um annan skóla en hverfisskóla. Eftir að foreldrar hafa staðfest skráningu þarf skólinn að staðfesta innritun.

Ef sótt er um annan grunnskóla en hverfisskóla og umsókn er synjað þarf að skrá barn í hverfisskóla eða sækja um annan grunnskóla.

~~Ef barn með lögheimili í Reykjavík fer ekki í grunnskóla Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að foreldrar afþakki skólavist og skrái ástæðu til dæmis hvort sótt hefur verið um í sjálfstætt reknum grunnskóla eða um er að ræða flutning úr sveitarfélaginu eða flutning úr landi.~~

Umsóknir um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar og þeirra sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík fara fram í gegnum *Mínar síður* á Island.is ~~þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Þar er einnig sótt um skólavist í Reykjavík fyrir nemendur sem eru að flytjast til Reykjavíkur.~~

Upplýsingar um skráningu á *Mínum síðum* á Island.is er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna

3.1 Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni skv. reglum þessum.



3.2 Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfissskóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

3.3 Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður.

3.4 Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

~~**3.5** Hafni grunnskóli inntöku nemanda í skóla utan skólahverfis verður barn sjálfkrafa skráð án umsóknar í hverfissskóla út frá lögheimili í Reykjavík. Vilji foreldrar ekki una þeirri skráningu geta þeir sótt um nýjan grunnskóla á *Mínum síðum* Reykjavíkurborgar. Framangreint á eingöngu við um innritun nemenda í 1. bekk en ekki þegar sótt er um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar eða nýjan grunnskóla fyrir þau sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík.~~

3.63.5 Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga.

3.73.6 Hafni grunnskóli inntöku nemenda af öðrum lögmætum ástæðum en að húsnæði hamli inntöku, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðsla er að vænta.

3.8 Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.

4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla

Tilkynning um hvenær hægt er að ~~staðfesta skráningu eða~~ skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Foreldrar fara inn á *Mínar síður* á [Island.is](https://island.is) ~~þjónustuvef Reykjavíkur og staðfesta skráningu í grunnskóla, vegna skráningar í hverfissskóla, eða til að sækja um annan skóla en hverfissskóla, eða veita upplýsingar um aðra skráningu í skóla.~~ Ef hverfissskóli nemanda er valinn berst staðfesting um skráningu ~~frá skólastjóra á næstu vikum. í skólann strax.~~ Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

5. gr. Flutningur milli skóla

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla á *Mínum síðum* á [Island.is](https://island.is) ~~þjónustuvef Reykjavíkurborgar~~. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

6. gr. Strætókort/skólaakstur

Í reglum Reykjavíkurborgar um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar er kveðið á um í hvaða tilfellum nemendur með lögheimili í Reykjavík og börn sem ráðstafað hefur verið í föstur til fösturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta átt rétt á strætókorti/farmiðum eða skólaakstri.

7. gr. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum



Óski foreldrar nemanda með lögheimili utan Reykjavíkur eftir að nemandinn sækir grunnskóla í Reykjavík er farið með beiðnina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um.

8. gr. Upplýsingagjöf skóla- og frístundasviðs

Í kynningarefni og á heimasíðu skóla- og frístundasviðs skal koma skýrt fram að foreldrar nemenda hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 3. gr. og vakin athygli á því að unnt sé að velja sjálfstætt rekna grunnskóla.

Reglur þessar taka gildi frá 9. febrúar 2017. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur sem samþykktar voru í menntaráði þann 3. mars 2005.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 8. febrúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017. Breytingar samþykktar á skólahverfum þann 12. nóvember 2019, í borgarráði 14. nóvember 2019 og í borgarstjórn 19. nóvember 2019. Breytingar samþykktar á skólahverfum í skóla- og frístundaráði þann 12. maí 2020 og í borgarráði 28. maí 2020. Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 28. september 2021 og í borgarráði þann 14. október 2021, sbr. jafnframt samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 22. febrúar 2022 og borgarráðs þann 3. mars 2022. Breytingar samþykktar í borgarráði 2. mars 2023.

[Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\] og í borgarráði þann \[dags.\]](#)